

## Hátíðahöld vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna Minnisblað fyrir Borgarstjórn Reykjavíkur 20. janúar 2015

### Leiðarljós

Leitast er við að hampa þeim árangri sem þegar hefur náðst í baráttunni, en á sama tíma hvetja til úrlausna og framfara á þeim sviðum sem þarf til að jafnrétti kynjanna verði náð.

Gætt verði að aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk á öllum viðburðum og boðið upp á táknmálstúlkun þar sem það á við.

### Markmið

Að árunum hundrað verði fagnað með jafnmörgum viðburðum. Viðburðirnir verði haldnir á öllum sviðum borgarinnar, sumir tengist daglegum störfum og árlegum viðburðum en aðrir viðburðir verði haldnir sérstaklega í tilefni afmælisársins.

### Hugmyndir

Undirbúningur fyrir afmælisárið er í fullum gangi, en hátíðahöldin verða skipulögð og framkvæmd jafnt og þétt. Unnið er með hugmyndabanka sem varð til á hugarflugsfundi með kvennahreyfingunni í nóvember sem er í örum vexti eftir því sem fleiri koma að undirbúningnum. Hér að neðan eru dæmi um verkefni sem gætu orðið að veruleika:

*Fjármálaskrifstofa:* Málþing um kynjaða starfs- og fjárhagsáætlunargerð.

*Forsætisnefnd:* Konur sem fylla 100 ár í ár verði heiðraðar sérstaklega.

*Íþrótt- og tómstundsvið:* Hjólabrettanámskeið og -keppni fyrir stelpur.

*Mannréttindaskrifstofa:* Fjölmeningardagurinn verði með sérstakri áherslu á lýðræðispáttöku kvenna.

*Menningar- og ferðamálasvið:* Sýning á listum kvenna í 100 ár.

*Skóla- og frístundasvið:* Fræðsluverkefni eða þemastarf með börnum, fyrir börn og eftir börn í tengslum við tímamótin.

*Umhverfis- og skipulagssvið:* Áhersla á sögu, handverk og framlag kvenna til borgarinnar við val á verkefnum í torg í biðstöðu.

*Velferðarsvið:* Þekkingar- og reynslumiðlun eldra fólks til hinna yngri. Samstarf við skóla- og frístundasvið.

Fleiri verkefni eru í skoðun, s.s. opinn míkrofónn fyrir konur, tónleikar um alla borg í samstarfi við Kítón, ferðir um kvennasöguslóðir með 6. bekk í samstarfi við jafnréttisskólann, göngur um þvottalaugarnar, samstarf við Borgarleikhúsið, fundur með borgarfulltrúum kvennaframboðsins, samstarf við Druslugönguna og Gay Pride, blómaskreytingar í sumar, samstarf við Stelpur rokka, kvennaþema í skapandi sumarhópum og götuleikhúsinu, sýningar og fundir í Ráðhúsi og öðrum opinberum byggingum borgarinnar.

## Fastsettir viðburðir

20. janúar: Borgarstjórn fjallar um 100 ára afmælið

7. febrúar: Forseti borgarstjórnar tekur þátt í spjalli í Listasafni Íslands um Ragnheiði Jónsdóttur

21. febrúar: Sýningin v a t n s b e r i n n FJALL+KONA opnar í Ásmundarsafni

8. mars: Hátíðardagskrá í Iðnó í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna fyrir friði og jafnrétti, samstarf við MFÍK og fleiri

8. mars: Kynlegar tölur koma út hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar

19. apríl: Hálfisdagsráðstefna um heimilisofbeldi á vegum Zonta

7.-8. maí: Höfuðborgarráðstefna Norðurlandanna í Reykjavík

7.-8. maí: Vestnorræni sjóðurinn fundar í Reykjavík (ath. Reykjavík býður heim)

16. maí: Fjölmeningardagurinn og mannréttindadagurinn, mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar

19. maí: Sýning á Kjarvalsstöðum á verkum Júlíönu Sveinsdóttur og færeyska málarans Ruth Smith

7. júní: Hátíð hafsins, sjókvennadagurinn

19. júní: Útgáfa 19. júní á vegum Kvenréttindafélags Íslands, samstarf

19. september: Sýningin Hér og nú, 30 árum síðar opnuð í Listasafni Reykjavíkur sem byggir á sýningu 30 ungra kvenlistamanna sem haldin var á Kjarvalsstöðum árið 1985, hugmyndin er að kanna stöðuna á því hvað þessar konur eru að gera í dag

September: Ráðstefna um konur og fíkn í samvinnu við Rótina

24. október (lendir á sunnudegi, öðru hvoru megin við): Kvennafrídagurinn

## Kynningarmál

Stofnuð hefur verið Facebook-síða í tilefni afmælisins, sjá

<https://www.facebook.com/kosningaretturkvenna>, þar sem viðburðum verður deilt en einnig dregin upp mynd af stöðu kvenna á ýmsum tímum á undanfarinni öld. Kona vikunnar er valin og sagt frá henni í örfáum orðum.

Vef- og upplýsingadeild Reykjavíkurborgar verður forsætisnefnd og verkefnastjóra innan handar með kynningarmál, við munum nýttast við fréttatilkynningar og samfélagsmiðla og koma upp heimasíðu og viðburðadagatali á vef Reykjavíkurborgar.